



30. apríl. 2024
Tilv.: 2404073

Alþingi
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum á fjármálamarkaði (lagfæringar), mál nr. 915.

Með tölvupósti dags. 12. apríl óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands, um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum á fjármálamarkaði (lagfæringar), sbr. mál nr. 915 á 154. Lögjafarþingi.

Seðlabankinn styður framgang frumvarpsins en leggur til eftirfarandi viðbætur við það:

1. Breytingar á 70. gr. laga nr. 70/2020 um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja

Í 70. gr. laga nr. 70/2020 er fjallað um heimildir skilavalds til að fresta tilteknum skuldbindingum fyrirtækis eða einingar sem er í skilameðferð. Í ljósi þess að BRRD tilskipunin¹ felur í sér lágmarkssamræmingu (e. *minimum harmonisation*) telur Seðlabanki Íslands mikilvægt að íslensk lög endurspegli lágmarkskröfur tilskipunarinnar með þeim hætti að 70. gr. verði líkari orðalagi 33. gr. a og 69. gr. BRRD tilskipunarinnar. Við innleiðingu BRRD II tilskipunarinnar hér á landi, með setningu laga nr. 63/2023, hefði verið rétt að fella brott 1. tölul. 4. mgr. 70. gr. Með þeirri breytingu næst fram samræmi milli umræddrar 70. gr. laganna og samsvarandi ákvæða í rétti annarra EES-ríkja, sérstaklega á Norðurlöndum. Því eru lagðar til breytingar á 70. gr. laganna þannig að 1. tölul. 4. mgr. ákvæðisins falli brott og samhliða því gerðar viðeigandi breytingar á 5. mgr. ákvæðisins.

Með hliðsjón af framangreindu er lagt til að eftirfarandi breytingar verði gerðar:

- a. 1. tölul. 4. mgr. 70. gr. falli brott.
- b. 5. mgr. 70. gr. hljóði svo: Ef skilavaldið ákveður að fresta greiðslu eða afhendingu skv. 1. mgr. á tryggingarhæfum innstæðum skal það tryggja að þeir innstæðueigendur hafi aðgang að viðeigandi daglegri fjárhæð innstæðanna.

2. Breytingar á 3. mgr. 11. gr. og 4. mgr. 22. gr. laga nr. 70/2020 um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja

Seðlabanki Íslands leggur til að breytingar verði gerðar á 3. mgr. 11. gr. og 4. mgr. 22. gr. laga nr. 70/2020 þannig að í stað þess að Seðlabanki Íslands setji reglur um viðmið vegna ákvarðana um einfaldar skilaáætlanir skv. 1. mgr. 11. gr. og tíðni gagnaskila og upplýsingagjafar og form og skilgreiningar vegna upplýsingagjafar skv. 3. mgr. 22. gr.

¹ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB frá 15. maí 2014 sem kemur á ramma um endurreisn og skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja.

verði ráðherra falið að setja reglugerð um þessi atriði. Ástæðan er sú að þær reglugerðir ESB, sem leiddar hafa verið í íslenskan rétt með setningu reglna á grundvelli framangreindra ákvæða, gilda um skilastjórnvöld innan EES, ýmist í heild eða að hluta. Þar af leiðandi telur Seðlabankinn æskilegra að slíkar reglugerðir séu innleiddar í íslenskan rétt af ráðherra með setningu reglugerðar.

Með þessum breytingum væri fram haldið þeirri stefnu sem mörkuð var með setningu laga nr. 63/2023, en þar voru gerðar breytingar á lögum nr. 70/2020 þannig að ráðherra setji framvegis reglugerðir til innleiðingar á þeim evrópsku reglugerðum sem gilda um starfsemi stjórnvalda, en að Seðlabankinn setji áfram reglur til innleiðingar á þeim evrópsku reglugerðum sem gilda um aðila á fjármálamarkaði. Vísast enn fremur til umfjöllunar um sambærilega tillögu í umsögn Seðlabankans frá 24. mars 2023 um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja, mál 806.

Með hliðsjón af framangreindu leggur Seðlabankinn til að eftirfarandi breytingartillögum verði bætt við frumvarpið:

- a. 3. mgr. 11. gr. laga nr. 70/2020 hljóði svo: Ráðherra skal setja reglugerð um viðmið vegna ákvarðana um einfaldar skilaáætlanir skv. 1. mgr.
- b. 4. mgr. 22. gr. laga nr. 70/2020 hljóði svo: Ráðherra skal setja reglugerð um form og tíðni gagnaskila og upplýsingagjafar skv. 1. mgr. og form og skilgreiningar vegna upplýsingaskipta skv. 3. mgr.

3. Breyting á 3. mgr. 82. gr. e laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki

Þá telur Seðlabankinn nauðsynlegt að gera samsvarandi breytingu á 3. mgr. 82. gr. e laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og mælt er fyrir um varðandi 3. mgr. 11. gr. og 4. mgr. 22. gr. laga nr. 70/2020 að ofan.

Með hliðsjón af framangreindu leggur Seðlabankinn til að eftirfarandi breytingartillögu verði bætt við frumvarpið:

- a. 3. mgr. 82. gr. e laga nr. 161/2002 hljóði svo: Ráðherra skal setja reglugerð um viðmið vegna ákvörðunar um einfalda endurbótaáætlun skv. 1. mgr.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Rannveig Júníusdóttir
framkvæmdastjóri
skrifstofa bankastjóra

Flóki Halldórsson
forstöðumaður
fjármálastöðugleiki

Fylgiskjal: Umsögn Seðlabankans frá 24. mars 2023 um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja, mál 806.

